

2019 nr. 62 21. júní**Lög um dreifingu váttrygginga**

Tóku gildi 3. júlí 2019; *EES-samningurinn*: IX. viðauki tilskipun 2016/97. *Breytt með*: L. 117/2019 (tóku gildi 1. jan. 2020 nema 7. gr. sem tók gildi 2. okt. 2019). L. 19/2021 (tóku gildi 1. sept. 2021). L. 82/2021 (tóku gildi 7. júlí 2021; *EES-samningurinn*: IX. viðauki reglugerð 2017/2358, 2017/2359). L. 38/2022 (tóku gildi 1. júlí 2022 nema 76. gr., a-liður 82. gr., d-liður 177. gr., d-liður 206. gr. og 65. gr. sem tóku gildi skv. fyrimælum í 215. gr. *EES-samningurinn*: IX. viðauki reglugerð 575/2013, 2015/62, 2016/1014, 2017/2188, 2017/2395, 2019/630, 2019/876, 2020/873).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **fjármála- og efnahagsráðherra** eða **fjármála- og efnahagsráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Gildissvið og orðskýringar.**■ 1. gr. Gildissvið.**

□ Lög þessi gilda um váttryggingamiðlara, váttryggingaumboðsmenn, aðila sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð og váttryggingafélög hér á landi.

□ Þeir sem hafa heimild til að dreifa váttryggingum samkvæmt lögum þessum eru:

- váttryggingamiðlarar sem hafa starfsleyfi Fjármálaeftirlitsins,
- aðilar sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð,
- váttryggingafélög,
- váttryggingaumboðsmenn sem skráðir eru hjá váttryggingafélagi,
- váttryggingamiðlarar, váttryggingafélög og váttryggingaumboðsmenn með starfsleyfi í öðru aðildarríki,
- váttryggingamiðlarar, váttryggingafélög og váttryggingaumboðsmenn með starfsleyfi utan aðildarríkja sem hafa fengið leyfi til að reka útibú hér á landi.

■ 2. gr. Starfsemi sem er undanþegin.

□ Lög þessi gilda ekki um eftirfarandi starfsemi:

1. Tilfallandi ráðgjöf eða upplýsingagjöf sem er veitt vegna annarrar atvinnustarfsemi ef:

- ráðgjöfin eða upplýsingagjöfin verður ekki til þess að aðstoð er veitt til að gera váttryggingarsamning eða efna hann,
- tilgangurinn með starfsemiinni er ekki að aðstoða viðskiptavin við að gera váttryggingarsamning eða efna hann.

2. Umsýslu váttryggingafélaga vegna bótakrafna, tjónsuppgjör og sérfræðimats á bótakröfum.

3. Afhendingu gagna eða upplýsinga um mögulega váttryggingartaka til váttryggingamiðlara eða váttryggingafélaga þar sem engar frekari ráðstafanir eru gerðar til að aðstoða við að koma á eða gera váttryggingarsamning eða efna hann.

4. Afhendingu gagna eða upplýsinga til mögulegra váttryggingartaka um váttryggingar, váttryggingamiðlara eða váttryggingafélög þar sem engar frekari ráðstafanir eru gerðar til að aðstoða við að koma á eða gera váttryggingarsamning eða efna hann.

□ Lög þessi gilda ekki um dreifingu váttrygginga þegar váttryggingu er dreift sem aukaafurð með vöru og eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

1. Váttryggingin er til viðbótar vöru eða þjónustu sem aðili lætur í té ef váttryggingin nær til áhættunnar á:

- vörum sem bila, glatast eða skemmast eða þjónustu sem ekki er notuð,
- farangri sem skemmist eða glatast og annarrar áhættu sem tengist ferð sem bókuð er.

2. Árlegt iðgjald, reiknað hlutfallslega miðað við árið, er ekki hærra en jafnvirði 600 evra í íslenskum krónum.

3. Váttryggingin er viðbót við þjónustu skv. 1. tölul. sem er veitt í þrjá mánuði eða minna og iðgjald einstaklings er ekki meira en jafnvirði 200 evra í íslenskum krónum.

Þó gildir ákvæði 4. mgr. 33. gr. um endurgjald um dreifingu váttrygginga hjá aðilum sem eru undanþegnir lögnum samkvæmt þessari málsgrein.

■ 3. gr. Orðskýringar.

□ Í lögum þessum merkir:

1. *Aðildarríki*: Ríki sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (EES), aðili að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða Færeyjar.

2. *Aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð*: Einstaklingur eða lögaðili, sem ekki er lánastofnun skv. [2. tölul. 1. mgr. 1. gr. b]¹⁾ laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, staðbundið fyrirtæki skv. [4. tölul. 1. mgr. 1. gr. b]¹⁾ sömu laga eða [fyrirtæki skv. 8. mgr. 14. gr. a]¹⁾ sömu laga og dreifir váttryggingu sem aukaafurð gegn endurgjaldi að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a. starfsemi er í meginatriðum önnur en dreifing váttrygginga,

b. aðilinn dreifir eingöngu váttryggingum sem eru viðbót við sölu á vöru eða þjónustu,

c. váttryggingin er ekki líf- eða ábyrgðartrygging nema hún sé hluti af vörunni eða þjónustunni sem er dreift.

3. Dreifing váttrygginga:

a. starfsemi sem felst í að veita ráðgjöf um, gera tillögu um eða undirbúa gerð váttryggingarsamnings, gera slíkan samning, eða aðstoða við umsýslu eða efndir samningsins,

b. starfsemi sem felst í að veita upplýsingar um váttryggingarsamning eftir forsendum sem viðskiptavinur velur, á vefsíðu eða öðrum miðlum; einnig að gefa upplýsingar um þær váttryggingar sem eru í boði, þ.m.t. verð, samanburð eða afslátt þegar viðskiptavinur getur gert váttryggingarsamning, beint eða óbeint, á vefsíðunni eða miðlinum,

c. starfsemi sem felst í að veita ráðgjöf um, gera tillögu um eða undirbúa gerð endurtryggingarsamnings, efna slíkan samning eða aðstoða við umsýslu eða efndir samningsins; sama gildir þegar starfsemi er hjá endurtryggingafélagi án íhlutunar endurtryggingamiðlara.

4. *Dreifingaraðili*: Váttryggingamiðlari, váttryggingafélag, váttryggingaumboðsmaður eða aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð.

5. *Endurgjald*: Hvers konar laun, þóknun, gjald eða önnur greiðsla, ásamt hvers konar efnahagslegum ávinningi eða öðrum fjárhagslegum eða ófjárhagslegum hagsmunum eða öðrum ávinningi eða hvata sem boðinn eða gefinn er vegna dreifingar váttrygginga.

6. *Gistiríki*: Aðildarríki þar sem einstaklingur eða lögaðili sem dreifir váttryggingum hefur útibú eða veitir þjónustu án starfsstöðvar.

7. Heimaríki:

a. Þar sem einstaklingur sem dreifir váttryggingum hefur aðsetur.

b. Þar sem lögaðili sem dreifir váttryggingum hefur höfuðstöðvar.

8. *Náin tengsl*: Þegar tveir eða fleiri aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, tengjast í gegnum yfirráð eða hlutdeild, eða aðstæður, þar sem tveir eða fleiri aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eru varanlega tengdir einum og sama aðilanum yfirráðatengslum.

9. *Ráðgjöf*: Persónuleg ráðlegging fyrir viðskiptavin að beiðni hans eða að frumkvæði dreifingaraðila vegna eins eða fleiri váttryggingarsamninga.

10. *Útibú*: Útibú eða umboð dreifingaraðila váttrygginga sem er staðsett í öðru aðildarríki en heimaríki.

11. *Varanlegur miðill*: Tæki sem gerir viðskiptavini kleift að geyma upplýsingar, sem beint er til hans, óbreyttar þannig að hann geti afritað þær og flett upp í þeim í hæfilegan tíma.

12. *Vátryggingafélag*: Frumtrygginga- eða endurtryggingafélag sem starfar samkvæmt lögum um vátrygginga-starfsemi, nr. 100/2016.

13. *Vátryggingamiðlari*: Einstaklingur eða lögaðili, með starfsleyfi skv. 4. gr., sem dreifir frum- og/eða endurtryggingum gegn gjaldi.

14. *Vátryggingasölumaður*: Starfsmaður sem starfar við dreifingu vátrygginga á vegum vátryggingafélags, vátryggingamiðlara eða vátryggingaumboðsmanns og á ábyrgð þeirra.

15. *Vátryggingaumboðsmaður*: Einstaklingur eða lögaðili sem á grundvelli sammings dreifir frum- og/eða endurtryggingum á vegum [vátryggingafélags og á ábyrgð þess]²⁾ gegn endurgjaldi.

¹⁾ L. 38/2022, 171. gr. ²⁾ L. 82/2021, 26. gr.

II. kafli. Starfsleyfi vátryggingamiðlara og fjárhagslegar kröfur.

■ 4. gr. Starfsleyfi.

□ Fjármálaeftirlitið veitir vátryggingamiðlara starfsleyfi samkvæmt lögum þessum. Vátryggingamiðlari er heimilt að hefja starfsemi þegar Fjármálaeftirlitið hefur veitt starfsleyfi og skráð viðkomandi.

■ 5. gr. Umsókn um starfsleyfi.

□ Umsókn um starfsleyfi vátryggingamiðlara skal vera skrifleg og skulu eftirfarandi skilyrði vera uppfyllt til að fá starfsleyfi:

a. ef um lögaðila er að ræða skal vera staðfesting á að stjórn og framkvæmdastjóri lögaðila fullnægi kröfum skv. 22. gr. og eftir atvikum 25. gr.,

b. ef um einstakling er að ræða skal vera staðfesting á að hann fullnægi kröfum skv. 22. gr. og eftir atvikum 25. gr.,

c. vera skal til staðar vottorð um gilda starfsábyrgðartryggingu og skilmála hennar ásamt heiti og aðsetri hlutaðeigandi vátryggingafélags,

d. ekki skulu vera nán tengsl við aðra starfsemi eða einstaklinga sem geta hindrað eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

□ Eftirfarandi upplýsingar skulu fylgja umsókn um starfsleyfi:

1. Nafn, kennitala og lögheimili umsækjanda.

2. Nöfn, kennitölur og lögheimili stofnenda og hluthafa ef um lögaðila er að ræða.

3. Nöfn, kennitölur og lögheimili stjórnarmanna, framkvæmdastjóra og annarra stjórnenda ef um lögaðila er að ræða.

4. Ef um lögaðila er að ræða, upplýsingar um hluthafa, hvort sem það eru einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga meira en 10% eignarhlut í starfseminni.

5. Upplýsingar um greinaflokka vátrygginga sem [dreifa]¹⁾ á, sbr. 20. og 21. gr. laga um vátryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

6. Samþykktir lögaðila ef við á.

7. Upplýsingar um fyrirhugað starfsskipulag þar sem m.a. skal greina frá fyrirhugaðri starfsemi, starfsstöð, fjöldi starfsmanna, innra eftirliti og áhættustýringu.

8. Áætlun um starfsemina þar sem koma skal fram:

a. rökstutt mat á kostnaði við að koma starfseminni á fót og hvernig ætlað er að mæta þeim kostnaði,

b. áætlun staða samkvæmt efnahagsreikningi í lok þriggja fyrstu reikningsáranna ásamt áætlun um árlegar tekjur og gjöld,

c. áætlun um hvernig umsækjandi hyggst standa við skuldbindingar sínar fyrstu þrjú reikningsárin.

9. Ef um lögaðila er að ræða, staðfesting á að starfsmenn hans uppfylli kröfur skv. 23. gr. og eftir atvikum 25. gr.

10. Greinargerð um nán tengsl við vátryggingafélög og vátryggingamiðlara.

11. Í hvaða aðildarríkjum er fyrirhugað að dreifa vátryggingum.

12. Aðrar viðeigandi upplýsingar sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

¹⁾ L. 82/2021, 27. gr.

■ 6. gr. Veiting starfsleyfis.

□ Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um veitingu starfsleyfis skal tilkynnt umsækjanda skriflega svo fljótt sem unnt er og eigi síðar en þremur mánuðum eftir að fullbúin umsókn barst.

□ Í starfsleyfi skal koma fram til hvaða greinaflokka vátryggingastarfsléifið tekur.

□ Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu um starfsleyfi vátryggingamiðlara í Lögbirtingablaði.

■ 7. gr. Synjun starfsleyfis.

□ Fullnægi umsókn um starfsleyfi ekki skilyrðum laga þessara að mati Fjármálaeftirlitsins skal umsókninni hafnað.

□ Synjun Fjármálaeftirlitsins á umsókn skal rökstudd og tilkynnt umsækjanda innan þriggja mánaða frá móttöku fullbúinnar umsóknar. Hafi fullbúin umsókn ekki borist Fjármálaeftirlitinu innan sex mánaða frá móttöku skal umsókninni hafnað.

■ 8. gr. Heiti.

□ Sá einn má nota heitið vátryggingamiðlari sem hefur starfsleyfi hér á landi og er skráður í miðlaraskrá.

□ Sé hætt á að villst verði á nafni erlends vátryggingamiðlara sem starfar hér á landi á grundvelli X. kafla og innlends vátryggingamiðlara getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annar aðilinn verði auðkenndur sérstaklega.

■ 9. gr. Breyting á starfsemi.

□ Vátryggingamiðlari sem hyggst taka upp nýjan greinaflokka vátrygginga skal sækja um leyfi til Fjármálaeftirlitsins fyrir hinni nýju starfsemi. Í umsókn skal koma fram hvaða greinaflokka fyrirhugað er að taka upp. Þá skulu fylgja umsókn gögn sem sanna að gild starfsábyrgðartrygging sé fyrir hendi. Um afgreiðslu umsóknarinnar fer skv. 6. gr.

■ 10. gr. Takmarkanir á starfsemi.

□ Vátryggingamiðlari skal einungis dreifa frumtryggingum á vegum vátryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi. Starfsleyfi vátryggingafélags í öðru aðildarríki telst jafngilda starfsleyfi hér á landi, enda séu uppfyllt skilyrði laga um vátryggingastarfsemi varðandi heimildir til að stofna útibú eða veita þjónustu án starfsstöðvar hér á landi.

□ Fjármálaeftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá 1. mgr.

■ 11. gr. Fjárhagsleg staða. Áætlun.

□ Vátryggingamiðlari skal á hverjum tíma geta staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar. Ef líkur eru á því að vátryggingamiðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum skal hann gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir stöðu sinni og leggja fyrir það áætlun um endurreisn fjárhags. Fjármálaeftirlitið ákveður hvort þær ráðstafanir teljast fullnægjandi.

□ Áætlun skv. 1. mgr. skal m.a. innihalda áætlaðan rekstrar-kostnað, sundurliðaða áætlun um tekjur og gjöld og áætlaðan efnahagsreikning.

□ Gefi ársreikningur váttryggingamiðlara Fjármálaeftirlitinu vísbendingu um að váttryggingamiðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum getur Fjármálaeftirlitið gert honum að skila áætlun skv. 1. mgr.

□ Meðan áætlun skv. 1. mgr. er í gildi skal Fjármálaeftirlitið ekki framsenda tilkynningu vegna ráðagerða váttryggingamiðlara um starfsemi í öðru aðildarríki, sbr. 39. og 40. gr.

■ **12. gr.** *Starfsábyrgðartrygging váttryggingamiðlara og aðila sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð.*

□ Váttryggingamiðlara og aðila sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í starfi þeirra eða starfsmanna þeirra. Slík trygging getur verið váttrygging tek-in hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi eða önnur trygging jafngild að mati Fjármálaeftirlitsins.

□ Starfsábyrgðartrygging váttryggingamiðlara skal tekin til eins árs í senn og váttryggingafjárhæðin að lágmarki vera jafnvirði 1,25 milljóna evra í íslenskum krónum vegna hvers tjónsatviks og jafnvirði 1,85 milljóna evra í íslenskum krón-um vegna allra tjónsatvika á váttryggingartímabilinu.

□ [Váttryggingamiðlari og aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð skulu]¹⁾ senda Fjármálaeftirlitinu staðfestingu á endurnýjun starfsábyrgðartryggingar.

□ [Váttryggingamiðlari og aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð skulu]¹⁾ birta upplýsingar um það á vef sínum hjá hvaða váttryggingafélagi [þeir hafa]¹⁾ starfsábyrgðartryggingu eða hvaða aðra jafngilda tryggingu [þeir hafa],¹⁾ sbr. 2. máls. 1. mgr.

□ [Seðlabanki Íslands]²⁾ setur reglur³⁾ sem breyta váttryggingafjárhæðum starfsábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. sem byggjast á tæknilegum framkvæmdastöðlum Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar.

¹⁾ L. 82/2021, 28. gr. ²⁾ L. 117/2019, 2. gr. ³⁾ Rgl. 775/2022.

■ **13. gr.** *Viðtaka fjármuna.*

□ [Váttryggingamiðlari og aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð mega]¹⁾ ekki taka við iðgjöldum, váttryggingarbot-um eða öðrum fjármunum fyrir hönd váttryggingafélags eða viðskiptavinar nema samkvæmt sannanlegu umboði.

□ Fara skal með fjármuni sem viðskiptavinur greiðir til váttryggingamiðlara [og aðila sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð]¹⁾ sem tilheyrir váttryggingafélagi eins og þeir hafi verið greiddir til félagsins. Fjármunir sem tilheyrir viðskipta-vini sem váttryggingafélag greiðir váttryggingamiðlara [og að-ila sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð]¹⁾ teljast ekki hafa borist viðskiptavininum fyrr en hann fær þá afhenta.

¹⁾ L. 82/2021, 29. gr.

■ **14. gr.** *Vörslufjárreikningar.*

□ Váttryggingamiðlara er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Skulu slíkir fjármunir varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Vextir, sem kunna að falla á vörslufé, renna til eiganda þess. Váttryggingamiðlari er ekki eigandi innstæðu á vörslufjár-reikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

□ Ráðherra setur reglugerð¹⁾ um vörslufjárreikninga.

¹⁾ Rg. 440/2023.

III. kafli. Skráning.

■ **15. gr.** *Skrá.*

□ Fjármálaeftirlitið skal halda skrá yfir váttryggingamiðlara sem hafa leyfi til að dreifa váttryggingum hér á landi, váttryggingaumboðsmenn og aðila sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð hér á landi.

□ Váttryggingafélög með starfsleyfi hér á landi og útibú váttryggingafélaga utan Íslands með starfsleyfi hér á landi sem gera samning við váttryggingaumboðsmenn eða aðila sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð skulu tilkynna þá til Fjármálaeftirlitsins ásamt upplýsingum skv. 3. mgr.

□ Eftirfarandi atriði skulu skráð hjá Fjármálaeftirlitinu:

1. Nafn, kennitala og lögheimili aðila.

2. Útgáfudagur starfsleyfis váttryggingamiðlara.

3. Váttryggingamiðlarar, váttryggingaumboðsmenn og að-ilar sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð sem hafa fengið leyfi til að veita þjónustu eða reka útibú hér á landi.

4. Greinaflokkar váttrygginga sem heimilt er að dreifa.

5. Tengsl við váttryggingafélög, váttryggingamiðlara og aðila sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð.

6. Heiti og aðsetur þess váttryggingafélags er veitir lög-boðna starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara og aðila sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð. Gildistími váttryggingarinnar og váttryggingarfjárhæð.

7. Nöfn, kennitölur og heimili stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þegar við á.

8. Í hvaða ríkjum starfsemi er stunduð á grundvelli 39. og 40. gr.

[9. Ef um lögaðila er að ræða, upplýsingar um hluthafa, hvort sem það eru einstaklingar eða lögaðilar, sem eiga meira en 10% eignarhlut í starfsemi, og hve stór eignarhluturinn er.

10. Upplýsingar um nán tengsl við aðra starfsemi eða ein-staklinga.]¹⁾

□ [Váttryggingamiðlarar, váttryggingaumboðsmenn og aðil- ar sem dreifa váttryggingu sem aukaafurð skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu um allar breytingar á skráningu eins fljótt og unnt er og eigi síðar en mánuði eftir að þær hafa tekið gildi.]¹⁾ Fjármálaeftirlitið skal yfirfara reglulega hvort skráningar séu réttar.

□ Uppfylli skráningarskyldur aðili ekki lengur kröfur til skráningar skal tilkynna það til Fjármálaeftirlitsins sem tekur hann af skránni.

□ Fjármálaeftirlitið skal synja aðila skv. 1. mgr. um skráningu ef lög og reglur ríkis utan aðildarríkja gilda um einn eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem aðilinn hefur nán tengsl við eða vandkvæði við framkvæmd laga þessara koma í veg fyrir að það geti sinnt eftirlitshlutverki sínu.

□ Skráin skal vera aðgengileg á vef Fjármálaeftirlitsins.

□ Fjármálaeftirlitið skal veita Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni upplýsingar úr skránni.

¹⁾ L. 82/2021, 30. gr.

IV. kafli. Váttryggingaumboðsmenn.

■ **16. gr.** *Skráning váttryggingaumboðsmanns hjá váttryggingafélagi.*

□ Þegar váttryggingafélag hefur gert samning við váttryggingaumboðsmann um dreifingu á váttryggingum félagsins skal félagið skrá váttryggingaumboðsmann, sbr. 17. gr.

□ Váttryggingaumboðsmanni er heimilt að hefja starfsemi þegar hann hefur verið skráður hjá váttryggingafélagi og Fjármálaeftirlitinu, sbr. 15. gr. Skráin skal vera aðgengileg á vef

viðkomandi váttryggingafélags. Þegar váttryggingaumboðsmaður hættir að dreifa váttryggingum á vegum váttryggingafélags skal hann tekinn af skrá félagsins.

□ [Seðlabanki Íslands]¹⁾ getur sett reglur um skráningu váttryggingaumboðsmanns.

¹⁾ L. 117/2019, 2. gr.

■ **17. gr. Skilyrði fyrir skráningu váttryggingaumboðsmanns.**

□ Áður en váttryggingafélag skráir váttryggingaumboðsmann skal félagið ganga úr skugga um að einstaklingur sem starfar sem váttryggingaumboðsmaður, váttryggingaumboðsmaður sem er lögaðili og váttryggingasölumenn sem starfa á ábyrgð váttryggingaumboðsmanns uppfylli skilyrði V. kaflla.

■ **18. gr. Heiti.**

□ Sá einn má nota heitið váttryggingaumboðsmaður sem hefur verið skráður.

□ Sé hætta á að villst verði á nafni erlends váttryggingaumboðsmanns sem starfar hér á landi á grundvelli X. kaflla og innlends váttryggingaumboðsmanns getur Fjármálaeftirlitið krafist þess að annar váttryggingaumboðsmaðurinn verði auðkenndur sérstaklega.

■ **19. gr. Takmarkanir á starfsemi.**

□ Váttryggingaumboðsmaður skal einungis [dreifa]¹⁾ frumtryggingum á vegum váttryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi. Starfsleyfi váttryggingafélags í aðildarríki telst jafngilda starfsleyfi hér á landi, enda séu uppfyllt skilyrði laga um váttryggingastarfsemi varðandi heimildir til stofnunar útibús eða til að veita hér þjónustu án starfsstöðvar.

□ Fjármálaeftirlitið getur, þegar sérstakar aðstæður eru fyrir hendi, heimilað undanþágur frá 1. mgr.

¹⁾ L. 82/2021, 31. gr.

■ **20. gr. Viðtaka fjármuna.**

□ Váttryggingaumboðsmaður má ekki taka við iðgjöldum, váttryggingarbótum eða öðrum fjármunum fyrir hönd váttryggingafélags eða viðskiptavinar nema samkvæmt sannanlegu umboði.

■ **21. gr. Vörslufjárreikningur.**

□ Váttryggingaumboðsmanni er skylt að halda fjármunum sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé. Slíkir fjármunir skulu varðveittir á sérstökum vörslufjárreikningi. Vextir, sem kunna að falla á vörslufé, renna til eiganda þess. Váttryggingaumboðsmaður er ekki eigandi innstæðu á vörslufjárreikningi samkvæmt þessari grein og innstæðan er ekki hæft andlag aðfarargerða hjá honum og stendur utan skuldaraðar við skipti á búi hans.

□ Ráðherra setur reglugerð¹⁾ um vörslufjárreikninga.

¹⁾ Rg. 440/2023.

V. kafli. Hæfi og hæfni.

■ **22. gr. Almenn hæfis- og hæfniskilyrði váttryggingamiðlara og stjórnarmanna og framkvæmdastjóra þeirra.**

□ Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri váttryggingamiðlara og einstaklingur með starfsleyfi sem váttryggingamiðlari:

a. [skulu vera fjárhagslega sjálfstæðir, hafa þekkingu, hæfni og reynslu til að geta sinnt starfi sínu á tilhlýðilegan hátt],¹⁾

b. skulu hafa gott orðspor,

[c. skulu vera lögráða og mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota,

d. mega ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald,

lögum um ársreikninga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um gjaldeyrismál, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi],¹⁾

e. ...¹⁾

□ ...¹⁾

□ [Váttryggingamiðlari skal tilkynna Fjármálaeftirlitinu um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra.

□ Stjórnarmaður og framkvæmdastjóri váttryggingamiðlara og einstaklingur með starfsleyfi sem váttryggingamiðlari þurfa á hverjum tíma að uppfylla hæfisskilyrði þessarar greinar og 25. gr. og reglna settra skv. 5. mgr. Fjármálaeftirlitið getur á hverjum tíma tekið hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra váttryggingamiðlara og einstaklings með starfsleyfi sem váttryggingamiðlari til sérstakrar skoðunar.

□ Seðlabanki Íslands setur nánari reglur²⁾ um hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, þar á meðal um hvað felst í fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu, góðu orðspori og fjárhagslegu sjálfstæði, og um hvernig staðið skuli að hæfismati.]¹⁾

¹⁾ L. 82/2021, 32. gr. ²⁾ Rgl. 1362/2019.

■ **23. gr. Hæfis- og hæfniskilyrði váttryggingasölumanna.**

□ Váttryggingasöllumaður:

[a. skal vera lögráða og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota,

b. skal hafa gott orðspor,

c. má ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um gjaldeyrismál, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi].¹⁾

□ [Váttryggingasöllumaður skal hafa næga þekkingu á þeim afurðum sem hann dreifir.]¹⁾

□ Til að tryggja hæfi váttryggingasölumanna skulu váttryggingafélög og váttryggingamiðlarar hafa stefnu og sérstakt ferli þar að lútandi sem er endurskoðað reglulega. Í ferlinu skal tilgreint til hvaða ráðstafana skuli grípa ef breytingar verða á hæfi váttryggingasölumanna. Einnig skulu þau hafa skrá yfir gögn vegna þessa og tilgreina nafn ábyrgðaraðila ef Fjármálaeftirlitið óskar þess.

□ Váttryggingamiðlarar og váttryggingafélög skulu tryggja að váttryggingasöllumenn þeirra [uppfylli hæfis- og hæfniskilyrði þessarar greinar].¹⁾

¹⁾ L. 82/2021, 33. gr.

■ **24. gr. Hæfis- og hæfniskilyrði aðila sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð.**

□ Sá sem ber ábyrgð á dreifingu váttryggingar sem aukaafurðar:

[a. skal vera lögráða og má ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaður gjaldþrota,

b. skal hafa gott orðspor,

c. má ekki í tengslum við atvinnurekstur hafa hlotið dóm á síðustu tíu árum fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög, lögum um bókhald, lögum um ársreikninga, lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda og lögum um gjaldeyrismál, svo og sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi].¹⁾

□ Aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð skal hafa næga vitneskju um þær afurðir sem hann [dreifir].¹⁾

□ [Váttryggingafélög skulu tryggja að aðilar sem dreifa váttryggingum sem aukaafurð uppfylli hæfis- og hæfniskilyrði þessarar greinar.]¹⁾

¹⁾ L. 82/2021, 34. gr.

■ **25. gr. Sérstök hæfis- og hæfniskilyrði.**

□ Við dreifingu skaðatrygginga skv. 1. mgr. 20. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, skal dreifingaraðili auk skilyrða samkvæmt þessum kafla hafa lágmarksþekkingu á:

a. skilmálum váttrygginga sem eru í boði, þ.m.t. allri viðbótaráhættu ef hún er til staðar,

b. [lögum þessum, lögum um váttryggingarsamninga, lögum á sviði neytendamála, lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og viðeigandi skattalöggjöf ásamt félagsmála- og vinnulöggjöf],¹⁾

c. meðferð tjónakrafna,

d. meðferð kvartana,

e. hvernig meta skal þarfir viðskiptavina,

f. váttryggingamarkaði,

g. [eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum],¹⁾

h. fjármálum.

□ [Aðilar sem dreifa persónutryggingum skv. 2. mgr. 20. gr. og 21. gr. laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016, skulu hafa þekkingu á lögum þessum, lögum um váttryggingarsamninga, lögum á sviði neytendamála, lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og eftir atvikum skatta- og vinnulöggjöf ásamt stýringu á hagsmunaaðrekstrum].¹⁾ Þeir skulu einnig hafa lágmarksþekkingu á:

a. váttryggingum, þ.m.t. skilmálum, tryggðum bótum og viðbótaráhættu ef hún er til staðar,

b. skipulagi og bótarétti lífeyriskerfa hér á landi,

c. váttryggingamarkaði og þjónustu á fjármálamarkaði,

d. meðferð kvartana,

e. hvernig meta skal þarfir viðskiptavinar,

f. [eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum],¹⁾

g. fjármálum.

□ Við dreifingu á váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum skal dreifingaraðili hafa þekkingu á stýringu hagsmunaaðrekstra og lágmarksþekkingu á:

a. váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum, þ.m.t. skilmálum, iðgjaldi og eftir atvikum tryggðum eða ótryggðum ávinningi,

b. kostum og ókostum á mismunandi fjárfestingarvalkostum váttryggingartaka,

c. fjárhagslegri áhættu sem viðskiptavinur ber,

d. skilmálum váttrygginga sem gilda um líftryggingar og aðrar sparnaðarafurðir,

e. skipulagi lífeyriskerfa hér á landi og bótarétti samkvæmt þeim,

f. [lögum þessum, lögum um váttryggingarsamninga, lögum á sviði neytendamála, lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og viðeigandi skattalöggjöf],¹⁾

g. váttryggingamarkaði og markaði með sparnaðarafurðir,

h. meðferð kvartana,

i. hvernig meta skal þarfir viðskiptavinar,

[j. eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum,

k. fjármálum].¹⁾

¹⁾ L. 82/2021, 35. gr.

■ **26. gr. Endurmenntun.**

□ Til að tryggja þekkingu og hæfni framkvæmdastjóra váttryggingamiðlara sem er lögaðili, einstaklings með starfsleyfi sem váttryggingamiðlari og váttryggingasölumanna skulu þeir árlega sækja sér endurmenntun eða starfsþjálfun í a.m.k. 15 klukkustundir.

□ Endurmenntun eða starfsþjálfun skal vera í samræmi við starfsemi dreifingaraðila. Dreifingaraðili skal geta sýnt fram á með sannanlegum hætti að hann hafi sótt sér endurmenntun eða starfsþjálfun.

VI. kafli. Starfshættir váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanns.

■ **27. gr. Yfirsýn yfir starfsemi og sérstakar ráðstafanir.**

□ Váttryggingamiðlari og váttryggingaumboðsmaður skulu gæta þess að:

a. framkvæmdastjóri hafi yfirsýn yfir rekstur starfseminnar, þar á meðal fjárhagslega stöðu,

b. sá starfsmaður sem hefur umsjón með daglegri starfsemi vegna dreifingar váttryggingar hafi yfirsýn yfir rekstur starfseminnar,

c. fjöldi váttryggingasölumanna sem starfa á hans vegum sé hæfilegur svo fullvíst megi telja að hann hafi yfirsýn yfir reksturinn.

■ **28. gr. Ráðningar- eða verksamningar.**

□ Váttryggingamiðlari og váttryggingaumboðsmaður skulu gera skriflegan ráðningar- og/eða verksamning við váttryggingasölumenn sem eru í þjónustu þeirra eða koma fram fyrir þeirra hönd. Þar skal kveðið á um réttindi og skyldur aðila, þar á meðal um að váttryggingasölumaður starfi á ábyrgð og undir stjórn og eftirliti þeirra.

■ **29. gr. Umboð.**

□ Váttryggingamiðlari skal hafa sannanlegt umboð frá viðskiptavini áður en hann tekur til starfa fyrir hann. Í umboðinu skal koma fram í hverju umboðið felst, hversu víðtækt það er og til hvaða þátta á starfssviði hans það nær. Einnig skal koma fram hvort honum er heimilt að taka við fjármunum fyrir hönd viðskiptavinar og um skil á þeim.

■ **30. gr. Skilríki.**

□ Hver sá sem er í þjónustu eða kemur fram fyrir hönd váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanns skal við störf sín framvísa fullnægjandi skilríkjum sem gefin eru út af váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanni sem hann starfar fyrir.

■ **31. gr. Trúnaðarupplýsingar.**

□ Váttryggingamiðlari, váttryggingaumboðsmaður, stjórnarmenn, framkvæmdastjórar, endurskoðendur, váttryggingasölumenn, aðrir starfsmenn og hverjir þeir sem taka að sér verk í þágu váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanns eru bundnir þagnarskyldu um allt það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd starfa síns og varðar viðskipta- eða einkamálefni viðskiptavina, nema skylt sé að veita upplýsingar samkvæmt lögum. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

□ Sá sem veitir viðtöku upplýsingum af því tagi sem um getur í 1. mgr. er bundinn þagnarskyldu á sama hátt og þar greinir. Sá aðili sem veitir upplýsingarnar skal áminna viðtakanda um þagnarskylduna.

□ Við dreifingu váttrygginga skal fullnægja skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

VII. kafli. Eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir. Endurgjald.

■ 32. gr. Eðlilegir og heilbrigðir viðskiptahættir.

□ Dreifingaraðili skal starfa á heiðarlegan, sanngjarnan og faglegan hátt í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur á váttryggingamarkaði og með hag neytenda fyrir augum. Hann skal tryggja að allar upplýsingar til viðskiptavina, þ.m.t. markaðsefni, séu í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti. Verði misbrestur á því skal Fjármálaeftirlitið gefa fyrirmæli um að ráðin verði bót á því sem úrskotið hefur farið.

□ [Seðlabanki Íslands]¹⁾ setur reglur²⁾ um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti dreifingaraðila. Í reglunum skal m.a. kveðið á um almenn samskipti við viðskiptavini og meðhöndlun kvartana.

¹⁾ L. 117/2019, 2. gr. ²⁾ Rgl. 353/2022.

■ 33. gr. Endurgjald.

□ Dreifingaraðili skal tryggja að endurgjald fyrir dreifingu váttrygginga brjóti ekki í bága við þá skyldu að hafa hagsmuni væntanlegs váttryggingartaka að leiðarljósi og að hafa í heiðri eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

□ Endurgjald má ekki vera þess eðlis að það hvetji til þess að mælt sé með tiltekinni váttryggingu umfram aðra sem hentar þörfum væntanlegs váttryggingartaka betur.

□ Væntanlegur váttryggingartaki skal upplýstur um endurgjald sem dreifingaraðili þiggur eða áskilur sér vegna viðskiptanna. Skýrt skal koma fram hvor skuli greiða endurgjaldið, væntanlegur váttryggingartaki eða váttryggingafélag.

□ Aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð og er undanþeginn lögum þessum skv. 2. mgr. 2. gr. skal tryggja að endurgjald sé í samræmi við skilyrði 1. og 2. mgr.

VIII. kafli. Afturköllun og innlögn starfsleyfis váttryggingamiðlara.

■ 34. gr. Ástæður afturköllunar.

□ Fjármálaeftirlitið getur afturkallað starfsleyfi váttryggingamiðlara þegar:

a. váttryggingamiðlari hefur fengið starfsleyfi á grundvelli rangra upplýsinga eða á annan óeðlilegan hátt,

b. váttryggingamiðlari hefur ekki gilda starfsábyrgðartryggingu,

c. eftirlitsgjald er í vanskilum,

d. váttryggingamiðlari eða starfsfólk hans uppfyllir ekki hæfisskilyrði sem fram koma í V. kafla,

e. starfsleyfi hefur ekki verið nýtt innan tólf mánaða frá því að það var veitt, því verið ótvírætt afsalað eða starfsemi hefur verið hætt í meira en sex mánuði samfelld,

f. váttryggingamiðlari brýtur að öðru leyti alvarlega eða ítrekað gegn [lögum sem um starfsemina gilda]¹⁾ eða reglum, samþykktum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim.

□ Áður en til afturköllunar kemur skv. 1. mgr. skal váttryggingamiðlari veittur hæfilegur frestur til úrbóta sé unnt að koma úrbótum við að mati Fjármálaeftirlitsins.

□ Við afturköllun starfsleyfis skal Fjármálaeftirlitið taka váttryggingamiðlara af skrá skv. 15. gr.

¹⁾ L. 82/2021, 36. gr.

■ 35. gr. Tilkynning um afturköllun starfsleyfis.

□ Afturköllun á starfsleyfi váttryggingamiðlara skal tilkynnt fyrirvarsmanni eða stjórn váttryggingamiðlara og rökstudd skriflega. Fjármálaeftirlitið skal birta tilkynningu í Lögbirtingablaði og á vef sínum. Starfræki váttryggingamiðlari útí búa eða þjónustustarfsemi í öðru ríki skal senda lögbærum eftirlitsaðilum í því ríki tilkynningu.

■ 36. gr. Innlögn starfsleyfis.

□ [Hyggst váttryggingamiðlari hætta starfsemi eða standi hann ekki lengur fyrir sjálfstæðri starfsemi skal hann skila inn starfsleyfi sínu.]¹⁾

□ Áður en váttryggingamiðlari hættir starfsemi og leggur inn starfsleyfi sitt skal hann gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja réttarstöðu viðskiptavina sinna. Hann skal upplýsa viðsemjendur sína, þ.e. váttryggingafélög og þá sem hafa falast eftir váttryggingu, um innlögn starfsleyfis. Hann skal jafnframt leitast við að fá annan til þess bærán aðila, einn eða fleiri, til að taka að sér að þjónusta gildandi váttryggingarsamninga. Hann skal gera Fjármálaeftirlitinu grein fyrir ráðstöfunum sínum.

□ Váttryggingamiðlara sem hyggst skila inn starfsleyfi sínu skv. 1. mgr. er óheimilt að segja upp starfsábyrgðartryggingu fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins á innlögn leyfis.

□ Við innlögn starfsleyfis skal váttryggingamiðlari felldur út af skrá Fjármálaeftirlitsins sem birtir tilkynningu um það í Lögbirtingablaði.

□ Óski aðili sem lagt hefur starfsleyfi inn að hefja starfsemi að nýju fer um þá umsókn eftir ákvæðum II. kafla.

¹⁾ L. 82/2021, 37. gr.

IX. kafli. Tilkynningar og skil á gögnum váttryggingamiðlara.

■ 37. gr. Skil ársreiknings.

□ Váttryggingamiðlari skal senda Fjármálaeftirlitinu ársreikning endurskoðaðan [eða kannaðan]¹⁾ af löggiltum endurskoðanda eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs. Ársreikningur skal undirritaður af váttryggingamiðlara og stjórn og framkvæmdastjóra þegar um lögaðila er að ræða.

□ Í skýringum ársreiknings skal greina frá heildarfjárhæð fjármuna sem váttryggingamiðlari varðveitir á vörslufjárreikningum í árslok fyrir hönd viðskiptaaðila, sbr. 14. gr. Þá skal fylgja yfirlýsing löggilts endurskoðanda um að meðferð váttryggingamiðlara á fjármunum undangengið reikningsár sé í samræmi við lög þessi og reglur um vörslufjárreikninga.

□ Ársreikningi skal fylgja skrá yfir þau váttryggingafélög sem miðlað er til vegna váttryggingaráhættu hér á landi ásamt iðgjaldamagni og þóknun frá hverju félagi vegna váttryggingarsamninga sem komið hefur verið á, sundurliðað eftir greinaflokkum váttrygginga. Einnig skal fylgja greinargerð um önnur tengsl við váttryggingafélög.

¹⁾ L. 82/2021, 38. gr.

■ 38. gr. Tilkynning um framkomna skaðabótakröfu.

□ Váttryggingamiðlari skal þegar í stað tilkynna Fjármálaeftirlitinu ef skaðabótakrafa er gerð vegna starfa hans. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um efni og fjárhæð kröfunnar.

X. kafli. Stofnun útí búa og frjálst flæði þjónustu.

■ 39. gr. Þjónusta án starfsstöðvar í öðru aðildarríki.

□ Váttryggingamiðlari með starfsleyfi hér á landi, váttryggingaumboðsmaður og aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð sem eru skráðir hér á landi og hyggjast veita þjónustu án starfsstöðvar í öðru aðildarríki skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu slíka fyrirætlan. Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skal koma fram:

1. Heiti, kennitala, heimilisfang og skráningarnúmer.

2. Aðildarríki þar sem viðkomandi hyggst veita þjónustu án starfsstöðvar.

3. Hvaða starfsemi er fyrirhuguð og heiti váttryggingafélags ef við á.

4. Greinaflokkar váttrygginga ef við á.

□ Fjármálaeftirlitið skal innan mánaðar frá móttöku tilkynningar tilkynna eftirlitsstjórnvaldi gistiríkis fyrirætlán aðila um að veita þar þjónustu án starfsstöðvar.

□ Heimilt er að hefja starfsemi einum mánuði eftir að Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt aðilum skv. 1. mgr. að tilkynning um fyrirhugaða starfsemi hafi verið send gistiríki.

□ Breytingar sem verða á upplýsingum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu a.m.k. mánuði áður en þær taka gildi. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna gistiríkinu um breytingarnar eins fljótt og unnt er og eigi síðar en mánuði eftir að þær berast Fjármálaeftirlitinu.

■ **40. gr. Stofnun útibús í öðru aðildarríki.**

□ Váttryggingamiðlari með starfsleyfi hér á landi, váttryggingaumboðsmaður og aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð sem skráðir eru með starfsleyfi hér á landi og hyggjast stunda starfsemi í öðru aðildarríki með stofnun útibús skulu tilkynna Fjármálaeftirlitinu slíka fyrirætlán. Í tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins skal koma fram:

1. Heiti, kennitala, heimilisfang og skráningarnúmer.
2. Aðildarríki þar sem viðkomandi hyggst stofna útibú.
3. Hvaða starfsemi er fyrirhuguð og heiti váttryggingafélags ef við á.
4. Greinaflokkar váttrygginga ef við á.
5. Heimilisfang í gistiríki þar sem nálgast má gögn.
6. Nafn þess aðila sem stjórnar útibúinu.

□ Fjármálaeftirlitið skal innan mánaðar frá móttöku tilkynningar tilkynna eftirlitsstjórnvaldi í gistiríki fyrirætlán um að stofna útibú. Fjármálaeftirlitið skal upplýsa aðila skv. 1. mgr. um tilkynninguna.

□ Aðilum skv. 1. mgr. er heimilt að hefja starfsemi einum mánuði eftir að Fjármálaeftirlitið hefur tilkynnt þeim að tilkynning um fyrirhugaða starfsemi hafi verið send gistiríki.

□ Fjármálaeftirlitið getur hafnað því að tilkynna gistiríki um fyrirætlán aðila skv. 1. mgr. að stofna útibú ef það hefur ástæðu til þess að ætla að stjórnskipulag eða fjárhagsstaða hans sé ófullnægjandi. Fjármálaeftirlitið skal rökstyðja ákvörðunina og upplýsa viðkomandi aðila um ákvörðunina innan mánaðar frá móttöku tilkynningar skv. 1. mgr.

□ Breytingar sem verða á upplýsingum skv. 1. mgr. skulu tilkynntar Fjármálaeftirlitinu a.m.k. mánuði áður en þær taka gildi. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna gistiríkinu um breytingarnar eins fljótt og unnt er og eigi síðar en mánuði eftir að þær berast Fjármálaeftirlitinu.

■ **41. gr. Þjónusta án starfsstöðvar og útibú hér á landi.**

□ Váttryggingamiðlari sem er með starfsleyfi í öðru aðildarríki, váttryggingaumboðsmaður, og aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð sem skráðir eru í öðru aðildarríki geta stofnað útibú hér á landi eða veitt þjónustu án starfsstöðvar. Fjármálaeftirlitið skal staðfesta móttöku tilkynningar um það frá eftirlitsstjórnvaldi í heimaríki viðkomandi aðila innan mánaðar.

□ Fjármálaeftirlitið skal upplýsa aðila um að hann skuli fara eftir reglum um heilbrigða og eðlilega viðskiptahætti hér á landi og senda honum tengil á reglurnar á vef Fjármálaeftirlitsins.

□ Heimilt er að hefja starfsemi einum mánuði eftir að tilkynningin berst Fjármálaeftirlitinu.

■ **42. gr. Stofnun útibús váttryggingamiðlara eða váttryggingaumboðsmanna utan aðildarríkja hér á landi.**

□ Fjármálaeftirlitið getur heimilað váttryggingamiðlara, váttryggingaumboðsmanni og aðila sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð með staðfestu í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins að opna útibú hér á landi. Um leyfisveitingu og starfsemi slíkra aðila gilda ákvæði XXI. kafla laga um váttryggingastarfsemi, nr. 100/2016.

XI. kafli. Eftirlit.

■ **43. gr. Almennt eftirlit.**

□ Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með starfsemi samkvæmt lögum þessum, nema annað leiði af lögum eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að. Um eftirlitið fer samkvæmt ákvæðum laga þessara, laga um váttryggingastarfsemi og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

□ Telji Fjármálaeftirlitið að starfsemi samkvæmt lögum þessum sé stunduð án tilskilinna leyfa getur það krafist gagna og upplýsinga hjá viðkomandi aðilum eða hjá eftirlitsskyldum aðilum sem nauðsynleg eru til að ganga úr skugga um hvort svo sé. Getur það krafist þess að slíkri starfsemi sé hætt þegar í stað. Jafnframt er því heimilt að birta opinberlega nöfn aðila sem taldir eru bjóða þjónustu án tilskilinna leyfa. Heimilt er að beita ákvæðum laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi um dagsektir og leit og hald á gögnum við upplýsingaöflun og eftirlit samkvæmt þessari grein.

□ Ef váttryggingamiðlari, váttryggingaumboðsmaður eða aðili sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð og hefur starfsleyfi eða er skráður hér á landi en meginstarfsstöð er í öðru aðildarríki getur Fjármálaeftirlitið gert samkomulag við eftirlitsstjórnvald þess ríkis um að það komi fram sem eftirlitsstjórnvald viðkomandi aðila vegna ákvæða laga þessara. Fjármálaeftirlitið skal tilkynna viðkomandi aðila og Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni um slíkt fyrirkomulag án tafar. Fjármálaeftirlitið getur gert samkomulag um að vera eftirlitsstjórnvaldið ef aðili með starfsleyfi eða skráningu í öðru aðildarríki er með meginstarfsstöð hér á landi.

■ **44. gr. Eftirlit með þjónustu án starfsstöðvar.**

□ Hafi Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að þjónusta [dreifingaraðila]¹⁾ án starfsstöðvar hér á landi sé ekki í samræmi við lög þessi skal það tilkynna eftirlitsstjórnvaldi heimaríkis viðkomandi aðila um það. Ef ekki eru gerðar úrbætur að kröfu eftirlitsstjórnvalds heimaríkis eða þær eru ekki nægjanlegar [eða]¹⁾ starfsemin er skaðleg fyrir neytendur eða váttryggingamarkaðinn hér á landi skal Fjármálaeftirlitið grípa til nauðsynlegra ráðstafana. Ef nauðsyn krefur getur Fjármálaeftirlitið stöðvað frekari starfsemi vegna dreifingar váttrygginga hér á landi og bannað nýja starfsemi.

□ Fáí Fjármálaeftirlitið tilkynningu frá eftirlitsstjórnvaldi gistiríkis um að starfsemi vegna þjónustu [dreifingaraðila]¹⁾ án starfsstöðvar í öðru aðildarríki sé ekki í samræmi við gildandi lög þar skal það grípa til viðeigandi ráðstafana og tilkynna eftirlitsstjórnvaldinu um þær.

□ Fjármálaeftirlitið getur vísað málum skv. 1. og 2. mgr. til Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar og óskað aðstoðar skv. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármála-markaði.

□ Fjármálaeftirlitið skal tilkynna aðilum um ráðstafanir sem það grípur til skv. 1. og 2. mgr. Einnig skal það tilkynna eftir-

litsstjórnvaldi í heimaríki, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, og framkvæmdastjórn ESB um ráðstafanirnar.

¹⁾ L. 82/2021, 39. gr.

■ **45. gr. Eftirlit með útibúum.**

□ Hafi Fjármálaeftirlitið ástæðu til að ætla að starfsemi útibús hér á landi sé ekki í samræmi við ákvæði 32. gr. eða 1. og 2. mgr. 33. gr. skal stofnunin grípa til viðeigandi ráðstafana og upplýsa eftirlitsstjórnvald heimaríkis.

□ Ef útibú hér á landi gerir ekki úrbætur að kröfu eftirlitsstjórnvalds heimaríkis eða þær ráðstafanir eru ekki nægjanlegar og starfsemin skaðleg fyrir neytendur eða váttryggingamarkaðinn hér á landi skal Fjármálaeftirlitið grípa til nauðsynlegra ráðstafana.

□ Ef nauðsyn krefur getur Fjármálaeftirlitið bannað frekari starfsemi hér á landi. Fjármálaeftirlitið getur enn fremur óskað aðstoðar Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar skv. 19. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), sbr. lög um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði.

□ Fjármálaeftirlitið skal tilkynna útibúi um ráðstafanir sem það grípur til skv. 1. og 2. mgr. Einnig skal það tilkynna eftirlitsstjórnvaldi í heimaríki, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni eða Eftirlitsstofnun EFTA, eftir því sem við á, og framkvæmdastjórn ESB um ráðstafanirnar.

■ **46. gr. Eftirlitsgjald.**

□ Váttryggingamiðlarar sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi útgefið af Fjármálaeftirlitinu skulu árlega greiða eftirlitsgjald vegna starfsemi sinnar í samræmi við ákvæði laga þar um. Jafnframt skulu váttryggingamiðlarar og váttryggingaumboðsmenn sem heimild hafa til að starfa hér á landi skv. 42. gr. greiða eftirlitsgjald árlega.

XII. kafli. . . .¹⁾

¹⁾ L. 19/2021, 14. gr.

XIII. kafli. Viðurlög.

■ **48. gr. Stjórnvaldssektir.**

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum eða reglum settum á grundvelli þeirra:

1. 2. mgr. 1. gr. um heimild til handa tilteknum aðilum til að [dreifa]¹⁾ váttryggingum.

2. 5. gr. um vísitandi ranga upplýsingagjöf í umsókn sem leiðir til þess að starfsleyfi skv. 4. gr. er gefið út á röngum forsendum.

3. 8. gr. um heiti váttryggingamiðlara.

4. 9. gr. um breytingu á starfsemi.

5. 1. mgr. 10. gr. um að váttryggingamiðlari skuli einungis [dreifa]¹⁾ frumtryggingum á vegum váttryggingafélaga sem hafa starfsleyfi hér á landi.

6. 2. málsl. 1. mgr. 11. gr. um fjárhagslega stöðu váttryggingamiðlara og viðbrögð við því ef líkur eru á því að váttryggingamiðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

7. 12. gr. um starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara.

8. 13. gr. um viðtöku fjármuna án heimildar.

9. 1. mgr. 14. gr. um vörslufjárreikning váttryggingamiðlara.

10. 1.–4. mgr. 15. gr. um kröfu um að tilkynna starfsemi til Fjármálaeftirlitsins.

11. 16. gr. um skráningu váttryggingaumboðsmanns.

12. 17. gr. um skilyrði skráningar.

13. 1. mgr. 18. gr. um heiti váttryggingaumboðsmanns.

14. 1. málsl. 1. mgr. 19. gr. um takmarkanir á starfsemi váttryggingaumboðsmanns.

15. 20. gr. um viðtöku váttryggingaumboðsmanns á fjármunum.

16. 21. gr. um vörslufjárreikning váttryggingaumboðsmanns.

17. 22.–24. gr. um hæfis- og hæfniskilyrði.

18. 3. mgr. 22. gr. um að tilkynna [til Fjármálaeftirlitsins um skipan og síðari breytingar á stjórn og framkvæmdastjóra].¹⁾

19. 3. og 4. mgr. 23. gr. um stefnu og sérstakt ferli til að tryggja hæfi váttryggingasölumanna.

20. 25. gr. um sérstök hæfis- og hæfniskilyrði.

21. 26. gr. um endurmenntun.

22. 27. gr. um yfirsýn yfir starfsemi.

23. 28. gr. um ráðningar- og verkсамninga.

24. 29. gr. um umboð.

25. 30. gr. um skilríki.

26. 31. gr. um þagnarskyldu dreifingaraðila váttrygginga o.fl.

27. 32. gr. um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti.

28. 33. gr. um endurgjald.

29. 1.–3. mgr. 36. gr. um innlögn starfsleyfis.

30. 37. gr. um skil á ársreikningi og fylgigögnum.

31. 38. gr. um tilkynningu um framkomna skaðabótakröfu.

32. 1. og 3. mgr. 39. gr. um starfsemi innlendra váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna erlendis.

33. 1. og 3. mgr. 40. gr. um stofnun útibús innlendra váttryggingamiðlara og váttryggingaumboðsmanna erlendis.

34. 46. gr. um eftirlitsgjald.

35. 49. gr. um sátt milli Fjármálaeftirlitsins og dreifingaraðila.

□ Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 10 þús. kr. til 90 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 50 þús. kr. til 650 millj. kr. en geta þó verið hærri eða allt að 5% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktá ársreikningi lögaðilans eða 5% af síðasta samþykktá samstæðu-reikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu eða allt að tvöfaldri fjárhæð hagnaðar eða taps sem komist er hjá vegna brotsins ef mögulegt er að ákvarða það. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um ítrekað brot er að ræða. [Ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar.]²⁾ Sektir renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

□ Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

¹⁾ L. 82/2021, 40. gr. ²⁾ L. 117/2019, 3. gr.

■ **49. gr. Sátt.**

□ Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsivíðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila

þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni. [Seðlabanki Íslands]¹⁾ setur nánari reglur um heimild til að ljúka máli með sátt.

¹⁾ L. 117/2019, 2. gr.

■ **50. gr. Réttur einstaklinga.**

□ Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kærur til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lög-brot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

■ **51. gr. Fyrning stjórnvaldssektar.**

□ Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnvalds-sektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

■ **52. gr. Sektir eða fangelsi.**

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn ákvæðum:

1. 2. mgr. 1. gr., 8. og 9. gr. og 1. mgr. 10. gr. um bann við að leyfisskyld starfsemi sé stunduð án heimildar.

2. 1. mgr. 11. gr. um fjárhagslega stöðu váttryggingamiðlara og viðbrögð við því ef líkur eru á því að miðlari eigi ekki fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

3. 12. gr. um starfsábyrgðartryggingu váttryggingamiðlara og aðila sem dreifir váttryggingu sem aukaafurð.

4. 13. gr. um viðtöku fjármuna án heimildar.

5. 1. mgr. 14. gr. um vörslufjárreikning váttryggingamiðlara.

6. 31. gr. um þagnarskyldu váttryggingamiðlara o.fl.

□ Gera má lögáðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann lögáðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmaður lögáðilans, starfsmann hans eða annar á hans vegum með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögáðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögáðilanum sekt.

■ **53. gr.**

□ Brot gegn lögum þessum er varða sektum eða fangelsi varða refsingu hvort sem þau eru framín af ásetningi eða gálleysi.

□ Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara er varða sektum eða fangelsi.

□ Tilraun til brots eða hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

■ **54. gr. Ákvörðun kærur og afhending gagna.**

□ Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kærur Fjármálaeftirlitsins.

□ Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi

brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sam-bærilegra mála.

□ Með kærur Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kærur mál til lögreglu.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærurvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Lögreglu og ákærurvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Telji ákærurandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

■ **55. gr. Tilkynning um brot.**

□ Dreifingaraðili váttrygginga skal vernda starfsmann sem í góðri trú hefur tilkynnt um brot eða mögulegt brot skv. 13. gr. a laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, nr. 87/1998, gegn misrétti eða annars konar ósamngjarnri meðhöndlun sem rekja má til tilkynningar hans.

□ Ef dreifingaraðili brýtur gegn skyldu sinni skv. 1. mgr. skal hann greiða starfsmanni skaðabætur samkvæmt almennum reglum. Þetta tekur bæði til beins fjártjóns og miska.

□ Skyldur og réttindi samkvæmt þessari grein eru ófrávíkjanleg og óheimilt er að takmarka þau í ráðningarsamningi á milli starfsmanns og fyrirtækis.

XIV. kafli. Ýmis ákvæði.

■ **56. gr. Innleiðing.**

□ Með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2018 frá 26. október 2018 eru með lögum þessum tekin upp 1.–3. mgr. og b-liður 4. mgr. 1. gr., 2.–8. gr., 1.–4. mgr., a- og c-liður 6. mgr., 7. og 8. mgr. 10. gr., 11.–16. gr., 1.–3. mgr. 17. gr., 31. gr., 33.–35. gr. og viðauki I tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 um dreifingu váttrygginga.

■ **57. gr. Fjárhæðir í evrum.**

□ Fjárhæðir í evrum sem tilgreindar eru í þessum lögum umreiknast í starfrækslugjaldmiðil váttryggingafélags miðað við sölugengi evru gagnvart umræddum gjaldmiðli í lok dags 31. október næstliðins árs.

■ **58. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast þegar gildi.

□ ...

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.**

□ Váttryggingamiðlarar sem fengið hafa starfsleyfi skv. 9. gr. laga um miðlun váttrygginga, nr. 32/2005, við gildistöku þessara laga skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla skilyrði þeirra og skulu uppfylla þau eigi síðar en 1. nóvember 2019.

□ Hafi váttryggingamiðlari lagt inn starfsleyfi sitt fyrir gildistöku laga þessara gilda ákvæði þeirra um hvernig hann getur öðlast starfsleyfi á ný.

□ Vátryggingaumboðsmenn og vátryggingasölumenn sem eru starfandi við gildistöku laga þessara skulu þegar í stað grípa til viðeigandi ráðstafana til að uppfylla skilyrði þeirra

og skulu uppfylla þau eigi síðar en 1. nóvember 2019.

■ **II.** . . . ¹⁾

¹⁾ L. 19/2021, 15. gr.

ELDDRI ÚTGÁFA